

Ályktun aðalfundar Samtaka dragnótamanna:

Reglugerð um takmarkanir á dragnótaveiðum verði felld úr gildi

Aðalfundur Samtaka dragnótamanna, haldinn í Reykjavík 27. nóvember 2010, mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur beitt við takmarkanir á dragnótaveiðum. Aðalfundurinn krefst þess jafnframt að reglugerð nr. 678/2010 um takmarkanir á dragnótaveiðum í sjö fjörðum verði felld úr gildi.

„Með aðferðum sem minna á galdraofsóknir hefur ráðherra sett útgerð og framtíðarrekstur fjölmargra dragnótabáta í fullkomið uppnám. Án nokkurs vísindalegs rökstuðnings hefur ráðherra gróflega mismunað útgerðum eftir tegund veiðarfæra.“ Öll rök hagsmunaaðila og annarra þeirra sem mótmæltu setningu reglugerðarinnar voru sniðgengin.“

Yfirlýsingar ráðuneytisins um fagmennsku, gagnsæi, samráð og meðalhóf við meðferð þessa máls eru innantómar. Það sem eftir stendur er valdniðslan ein.